
N O R Ð F I R Ð I N G U R

1. tölublað 1986

10. árgangur.

SÓLARKAFFI

Norðfirðingafélagsins verður haldið í Safnaðarheimili Bústaðakirkju, sunnudaginn 2. febrúar 1986 kl. 1500 stundvíslega.

Dagskrá: Sólarcaffi með heimabökuðum "Sólarpönnukökum" á norðfirzka vísu.
Bjarni Vilhjálmsson í Hátúni rifjar upp minningar að heiman.

Mætum öll í sólskinsskapi!

Viðtakandi: _____

Aðalfundur félagsins var haldinn 8. desember s.l. í Safnaðarheimili Bústaðakirkju. Fundurinn var vel sóttur og sátu allmargir félagar messu í kirkjunni fyrir fundinn. Mikil jólastemning ríkti á fundinum og veizluborð vaskra félagskvenna var mjög rómað. Sú nýbreytni að halda samkomu félagsins á þessum stað þótti takast það vel að ákveðið var að hið árlega sólarkaffi félagsins skyldi haldið þar einnig.

Aðalfundarstörf tóku ekki langan tíma frekar en fyrri daginn. Stjórn félagsins var einróma endurkjörin, en hana skipa Elsa Christensen formaður, Jón Guðmundsson varaformaður, Pálmar Magnússon gjaldkeri, Sigbór Sigurjónsson ritari og meðstjórnendur Gígja Guðjónsdóttir, Ólöf Hannesdóttir og Sigurborg Sigurjónsdóttir.

Félagar úr kirkjukór Bústaðakirkju sungu nokkur lög við undirleik Guðna Þ. Guðmundssonar við góðar undirtektir fundarmanna. Þökk sé Guðna og þeim félögum.

Að venju voru til sölu á fundinum jóla-
kort til fjáröflunar safnaðarheimilis
kirkjunnar okkar heima og seldust þau
upp.

Stjórn félagsins er um þessar mundir að
yfirfara spjaldskrá félagsins með tilliti
til breyttra heimilisfanga félagsmanna
og til inntöku nýrra félaga. Í því
sambandi beinir stjórnin þeim tilmælum
til félaga að þeir láti ritara félagsins
vita ef um breytt heimilisfäng er að ræða
og jafnframt að félagar aðgæti í sínum
hópi hvort ekki séu einhverjir Norð-
firðingar á svæðinu sem vildu gerast
félagar.

Athygli skal vakin á því, að Árshátíð
félagsins verður haldin laugardaginn 8.
marz n.k. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal.
Þegar er farið að huga að dagskrár- og
skemmtiatriðum fyrir hátíðina og munum
við sjá um að vandað verði til hennar eftir
því sem kostur er. Norðfirðingur mun
greina frá dagskrá árshátíðarinnar þegar
þar að kemur.

Þeir sem enn eiga ógreidd félagsgjöld eru hér með eindregið hvattir til þess að greiða þau hið fyrsta.

Að endingu hvetjum við alla félagi til þess að mæta nú vel á "Sólarkaffið" þar sem framreiddar verða heimabakaðar "Sólarpönnukökur" á norðfirzka vísu og eiga saman góða stund.

Mætum öll í sólskinsskapi!

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Espigerði 4,
108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen